




Grundarfjarðarbær

Skólanámskrá leikskólanna í Grundarfjarðarbæ



Leikskólinn Sólvellir og leikskóladeildin Eldhamrar

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Sagan	2
Inngangur	2
Hlutverk, stefna og áherslur	2
Leikskólinn Sólvellir	3
Einkunnarorð Sólvalla	3
Áherslur Sólvalla	3
Hæglátt leikskólastarf	4
Læsi	4
Útikennsla og heilsueflandi leikskóli	4
Uppeldi til ábyrgðar	5
Málörvun	5
Valstundir	5
Aðlögun og lykilpersónur	5
Lykilpersónur	6
Hópstjórar	6
Leikskóladeildin Eldhamrar	6
Einkunnarorð Eldhamra	6
Áherslur Eldhamra	6
Útikennsla	6
Umhyggja	7
Blær Vináttuverkefni Barnaheilla	7
Upplýsingatækni	7
Lubbi finnur málbein	8
Stærðfræði	8
Sambætt og skapandi leikskólastarf	8
Skipulag leiks, náms og kennslu	9
Námsmat	9
Matstæki	10
Ferilmöppur	10
Tengsl skóla og skólastiga	10
Samstarf milli skólastiga	11
Brúum bilið	11
Hringekja	11
Heimilisfræði og smíði	11
Íþróttir	12
Sund	12
Fjölskyldan og leikskólinn	12
Farsæld barna	12
Mat á skólastarfinu	13
Innra mat	13
Ytra mat	13
Áætlanir	13

Sagan

Árið 1976 fór Rauða kross deildin í Grundarfirði með verkefnið leikskóli af stað sem varð til þess að ákveðið var að byggja leikskóla á Sólvöllum þar sem leikskólinn er enn í dag en jafnframt var í janúar 1977 var opnaður leikskóli á neðri hæð grunnskólans þar til húsnæðið að Sólvöllum væri tilbúið en leikskólinn þar opnaði 15. nóvember 1979 í núverandi húsnæði. Frá þeim tíma hefur verið byggt við leikskólann og hann aðlagður eftir þörfum og barnafjölda hverju sinni.

Á Sólvöllum eru þrjár deildir fyrir börn á aldrinum 1-5 ára, þær eru aldursblandaðar eftir samsetningu og fjölda í hverjum árgangi. Deildirnar heita Mýrarhyrna og Klakkur en auk þess erum við með ungarnadeildina Kirkjufell. [Nánar má lesa um sögu leikskólans hér.](#)

Frá árinu 2016 hefur verið starfandi leikskóladeildin Eldhamrar fyrir börn á aldrinum 5 til 6 ára en hún er staðsett í húsnæði grunnskólans og undir stjórn skólustjóra Grunnskóla Grundarfjarðar. Eldhamrar taka virkan þátt í skólastarfi grunnskólans og nýta aðstöðu skólans eins og kostur er. Bókasafn, íþróttahús, sundlaug, smíðastofu, heimilisfræðistofu og fleira.

Inngangur

Aðalnámskrá leikskóla er ætlað að vísa ólíkum hagsmunaaðilum í skólasamfélaginu veginn hvað varðar stefnu og hugmyndafræði leikskólastarfs. Hún er leiðbeining fyrir sveitarfélög við mótun stefnu um skólahald, er leikskólastjórnendum og kennurum sveigjanlegur rammi til að ákveða leiðir að markmiðum í leikskólastarfi, er sáttmáli í þágu barna sem byggist á heildstæðri sýn á barnið með hagsmunum þess og velferð að leiðarljósi og þjónar foreldrum m.a. sem upplýsingarit um viðmið og kröfur í menntun og uppeldi barna. Leikskólar geta farið fjölbreyttar leiðir að sama marki með hliðsjón af hugmyndafræði leikskólans og aðstæðum á hverjum stað. Hver leikskóli mótar sínar starfsaðferðir og setur þær fram í skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans (aðalnámskrá 2011).

Í kjölfar nýrrar [Menntastefnu Grundarfjarðarbæjar](#) í lok árs 2023 hófst innleiðing hennar með því m.a. að skólarnir fóru í gegnum gæðaviðmið um innra mat. Við þá yfirferð kom í ljós að tækifæri væri til þess að skerpa á stefnu og áherslum skólanna sem er grunnurinn að mati á skólastarfinu. Einnig þá tækifæri til að endurskoða skólanámskrár í heild þar sem stefnan birtist sem og útfærsla á aðalnámskrá leikskóla sem var endurskoðuð að hluta 2023. Ákveðið var að gera sameiginlega skólanámskrá sem lýsir vinnubrögðum, markmiðum, leiðum og mati á leik, námi og kennslu.

Hlutverk, stefna og áherslur

Leikskólarnir byggja starf sitt á lögum um [leikskóla nr. 90/2008](#), [aðalnámskrá leikskóla](#) og [menntastefnu Grundarfjarðarbæjar](#).

- Áhersla á skapandi og samþætt starf og [leikinn](#) sem meginnámsleið.
- Fjölbreytt námsumhverfi og námsaðferðir.
- Mat á leik, námi og velferð barna taki mið af áhuga, getu og hæfni.

- Fylgjast með og efla farsæld og alhliða þroska barna í náninni samvinnu við foreldra og hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- Stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.
- Rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.
- Leikskólarnir starfa í anda gilda menntastefnu sveitarfélagsins sem eru ánægja, samvinna og virðing.

Leikskólinn Sólvellir

Leikskólinn Sólvellir er 3ja deilda skóli. Börn geta byrjað í leikskólanum við 12 mánaða aldur og dvalið þar til 5 ára aldurs. Þá tekur við leikskóladeildin Eldhamrar.

Einkunnarorð Sólvalla

Einkunnarorð leikskólans Sólvalla eru **gleði, virðing, samvinna og náttúra** Þessi orð endurspeglast í starfinu hjá okkur á margvíslegan hátt.

- **Gleði** - við sköpum aðstæður þar sem börnin eru örugg, þeim líður vel, fá tækifæri til að rannsaka og upplifa með gleði í hjarta. Við sýnum jákvætt viðhorf og reynum að sjá jákvæðu hliðarnar á því sem upp kemur í amstri dagsins á sama tíma og við berum virðingu fyrir því að við getum öll átt erfiðan dag.
- **Virðing** - við leggjum áherslu á að samskipti milli allra aðila séu góð og einkennist af virðingu. Með virðingu berum við umhyggju fyrir öðrum og virðum þeirra skoðanir og upplifanir. Við erum kurteis í samskiptum og notum virka hlustun. Með virðingu stuðlum við að trausti og vellíðan þannig allir njóti sín sem best. Við berum virðingu fyrir umhverfinu.
- **Samvinna** - við leggjum áherslu á að við erum ein liðsheild og vinnum saman að því að gera leikskólann að góðum vinnustað bæði fyrir börn og starfsfólk. Við eflum og styðjum við félagsfærni barna, kurteisi og mannleg gildi í samskiptum. Við göngum út frá því að saman erum við sterkari sem liðsheild og að allir hafa sína styrkleika fram að færa og sköpum tækifæri þannig allir fái að blómstra.
- **Náttúra** - við leggjum áherslu á að börn fái tækifæri til að kynnast, njóta og beri virðingu fyrir náttúrunni. Stór hluti af okkar starfi fer fram í náttúru og nærumhverfi leikskólans.

Áherslur Sólvalla

Leikskólinn leggur áherslu á að barnið sýni virðingu, beri ábyrgð og sé traust. Einnig leggur leikskólinn ríka áherslu á að börnunum líði vel og finni fyrir öryggi innan leikskólans. Stefna Sólvalla er að barnið læri í gegnum leikinn og verði virkt og skapandi í námi sínu og starfi. Barnið er hvatt til að rannsaka og læra af eigin reynslu.

Í gegnum daglegt starf öðlast barnið lífsleikni þar sem leikurinn er aðal námstæki leikskólans.

Hæglátt leikskólastarf

Sólvellir vinna að innleiðingu um hæglátt leikskólastarfi en gefst börnum tækifæri til að kanna heiminn á sínum hraða og stuðla þannig að forvitni og merkingarbæru námi. . Við erum með dagskipulag og ákveðinn ramma fyrir daginn en gefum okkur tíma, stöldrum við í núinu og sköpum svigrúm fyrir nærandi og styðjandi samskipti. Við leggjum áherslu á að börnin dýpki skilning sinn á viðfangsefnum og að áherslan er á ferlið fremur en afurðina. Þannig fá börnin rými og tækifæri til þess að þróa sínar eigin lausnir. Auk þess er útikennsla stór hluti af starfinu hjá okkur. Leikskólinn vinnur einnig að því að verða Grænfánaleikskóli og því er umhverfismennt gert hátt undir höfði. Með hæglátu leikskólastarfi styðjum við sterk tengsl, tilfinningalegt öryggi og tilfinninguna að tilheyra sem leggur traustan grunn að áframhaldandi námi.

Læsi

Í leikskólanum vinnum við eftir öllum grunnþáttum menntunar en þó með mikla áherslu á læsi í víðum skilningi. Með læsi er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft og er tungumálið eitt mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Með því tjá þeir hugsanir sínar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Mikilvægt er að orð og gerðir tengist þannig að hverskonar tjáning og orðaforði eigi sér stoð í veruleika barna. Í frumbernsku og á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barna.

Læsi er samofið við allt daglegt starf og stundir dagsins. Hlutverk kennarans er að vera mál fyrirmynd og virkja áhuga nemenda. Orð eru sett á allar athafnir dagsins og börnin fá tækifæri til þess að koma hugsunum sínum og skoðunum á framfæri.

Í leikskólanum vinnum við með Lubbi finnur málbein. Það er bæði unnið með það í hópastarfi en einnig fléttast það inn í daglegt starf og samtal milli starfsmanna þegar sett eru orð á allar athafnir. Í þessum stundum er unnið með málhljóð hvers stafs fyrir sig. Við vinnum í hverju málhljóði í tvær vikur. Vinnan gengur út á að tengja saman staf og hljóð, en hver stafur hefur sitt eigið tákn/hreyfingu. Í leikskólanum er Lubbaefnið notað á öllum deildum, en getan og vinnan verður meiri eftir því sem börnin eldast. Hjá yngstu er mest verið að hlusta á lög en hvert málhljóð hefur sitt lag og þá er bætt við hreyfingunni sem málhljóðið á. Eftir því sem börnin eldast þá bætist við vinnuna og þau finna t.d. orð sem byrja á málhljóðinu sem verið er að vinna með. Þau æfa sig að skrifa stafina og jafnvel teikna mynd af einhverju sem tengist málhljóðinu.

Útikennsla og heilsueflandi leikskóli

Í leikskólanum leggjum við áherslu á útikennslu og fara allar deildir leikskólans reglulega í útikennslu en þá á nám og kennsla sér stað fyrir utan vegg skólans. Kostir útikennslu eru margir en þá kynnast börnin nærumhverfi sínu betur, líðan verður oft betri sem leiðir að sér betri hegðun. Börnin fá tengingu við náttúruna og læra að bera virðingu fyrir henni. Við nýtum tækifærin sem felast í náttúrunni og nærumhverfi leikskólans til náms. Í útikennslu gefum við tækifæri til þess að staldra við, rannsaka og njóta þess sem náttúran hefur uppá að bjóða. Börnin læra í gegnum útiveru,

náttúruskoðun og hreyfingu að þekkja og meta umhverfi sitt. Í náttúrunni fá börnin þjálfun fyrir hreyfiþroska, auka seiglu, hreysti og úthald.

Við erum þátttakendur í heilsueflandi leikskóla, þar sem við höfum það að markmiði að stuðla að bættri heilsu og vellíðan barna og starfsfólks í leikskólanum. Í leikskólanum er skapað öruggt og hvetjandi umhverfi þar sem börnin fá tækifæri til að hreyfa sig, bæði innandyrar sem og utan. Við sköpum aðstæður þar sem börnin frá frelsi til að vera þau sjálf. Hugum að andlegri vellíðan barna þar sem við hvetjum þau til að tjá tilfinningar sínar og veitum þeim stuðning ef þörf er á. Við leggjum áherslu á að börnin fái útrás fyrir hreyfiþörf sinni daglega og þau fái hollan og næringarríkan mat.

Uppeldi til ábyrgðar

Leikskólinn Sólvellir vinnur eftir Uppeldi til ábyrgðar. Við leggjum áherslur á grunnþarfirnar fimm þ.e: öryggi, gleði, frelsi, áhrifavald og að tilheyra. Við vinnum með skýr mörk á sama tíma og starfsfólk ígrundar starfshætti sína og veltir því fyrir sér: skiptir þetta máli? og rökstyður hvers vegna með hagsmuni barnsins í huga.

Málörvun

Málörvun er mikilvægur þáttur í starfi í leikskólanum og fléttast inn í allt starf og daglegar athafnir. Starfsfólk á alltaf að vera setja orð á athafnir, bæði í leik, fataklefa, matmálistímum o.s.frv. Við leggjum áherslu á fjölbreyttan og ríkulegan orðaforða. Börn á leikskólaaldri eru á blómaskeiði málþroskans og er því mikilvægt að við notum öll þau tækifæri sem upp koma til þess að efla málþroska barna. Við leggjum áherslu á [gæðamálörvun í daglegu starfi](#):

- Við setjum orð alla hluti og athafnir
- Við leggjum áherslu á að barnið heyri rétt mál
- Við tölum við börnin í augnhæð þess
- Við gefum tíma og svigrúm í samskipti
- Endurtekning skilar árangri - endurtaktu oft!
- Farðu inn í leik barns eða barna og lýstu því sem er að gerast
- Endurtaktu og bættu við setningu barnsins.

Valstundir

Við leggjum mikið uppúr því að börnin hafi frelsi til þess að tjá og velja hvað þau vilja fást við í leik og starfi í leikskólanum. Skipulagðar eru valstundir þar sem börnin fá að velja sér viðfangsefni eftir áhugasviði. Haldnir eru valfundir í upphafi stundar. Við hvetjum börnin til þess að standa við val sitt en leyfum þeim þó að skipta um skoðun. Í valstundunum er í boði fjölbreyttur efniviður og mikilvægt er að börnin hafi rödd og velji í sameiningu þar sem er í boði í valstundum. Það getur verið opin efniviður, föndur, frjáls leikur, holukubbar, föndur eftir því hvað hugmyndaflug dagsins bíður uppá. Við reynum að skapa svigrúm fyrir rödd barnanna, þannig þau hafi rödd og geti tekið þátt í ákvörðunum, t.d. í útkenndu geta börnin fengið að velja viðfangsefni og áfangastað.

Aðlögun og lykilpersónur

Í leikskólanum Sólvöllum geta börn hafið leikskólagöngu sína 12 mánaða og vinnum við eftir þátttökuaðlögun. Þá eru foreldrar þátttakendur í starfi deildarinnar frá fyrsta degi og fá þannig reynslu af skipulagi starfseminnar. Aðlögunin byggist á þeirri trú að öruggir foreldrar smiti eigin forvitni og öryggiskennd til barna sinna. Með þessu fyrirkomulagi fá foreldrar tækifæri til þess að kynnast starfsfólki, sjá það í verki og öðlast skilning á þeim raunveruleika sem börnin upplifa innan leikskólans á hverjum degi.

Lykilpersónur

Við vinnum eftir hugmyndum um lykilpersónur en þegar barn byrjar í aðlögun í leikskólanum er því úthlutað lykilstarfsmanni sem sér um aðlögun barnsins og ber ábyrgð á velferð, samskiptum og námi barnanna auk þess að sjá um samskipti í við foreldra í samvinnu við deildarstjóra. Með þessu fyrirkomulagið myndast tengsl milli lykilpersónu, barna og foreldra. Lykilpersóna skal vera valin eftir hópstjóra.

Hópstjórar

Í leikskólanum Sólvöllum vinnum við með hópstjóra á öllum deildum. Þá er barnahópnum skipt upp í hópa og starfsmenn taka að sér einn barnahóp og ber ábyrgð á starfi hópsins í samvinnu við deildarstjóra. Sólvellir eru fámennur leikskóli og bíður það ásamt stærð húsnæðis upp á marga möguleika. Þó börnunum sé skipt niður á deildir og í hópa þá er virkt samstarf á milli allra árganga.

Leikskóladeildin Eldhamrar

Eldhamrar eru staðsettir innan Grunnskóla Grundarfjarðar og er deildin fyrir börn á aldrinum 5-6 ára, eða á síðasta ári í leikskóla.

Einkunnarorð Eldhamra

- **Metnaður** - Við leggjum okkur fram og viljum gera okkar besta í námi og leik.
- **Ánægja** - Okkur finnst við velkomin. Lærdómur og samvera eiga að vera skemmtileg og gefandi.
- **Samvinna** - Við vinnum saman, hlustum á aðra og hjálpumst að. Öll skipta máli.
- **Ábyrgð** - Við berum ábyrgð á eigin hegðun, námi og umhverfi. Við sýnum öðrum virðingu.

Áherslur Eldhamra

Leikskólinn leggur áherslu á að barnið sýni virðingu, beri ábyrgð og sé traust. Einnig leggur leikskólinn ríka áherslu á að börnunum líði vel og finni fyrir öryggi innan leikskólans. Stefna Eldhamra er að barnið læri í gegnum leikinn og verði virkt og skapandi í námi sínu og starfi. Barnið er hvatt til að rannsaka og læra af eigin reynslu. Í gegnum daglegt starf öðlast barnið lífsleikni þar sem leikurinn er aðal námstæki leikskólans.

Útikennsla

Við á Eldhömrum leggjum mikið upp úr útikennslu og útiveru yfir höfuð og förum við í útikennslu að minnsta kosti einu sinni í viku. Við teljum það mikilvægt fyrir líkama og sál að fara út í misjöfnu veðri. Rannsóknir benda til þess að hreyfiproski eykst í náttúrulegu umhverfi heldur en því manngerða og einbeiting, félagsfærni og sjálfstraust eykst til muna. Við viljum líka kenna börnum að bera virðingu fyrir náttúrunni og þekkja sitt nærumhverfi. Foreldrar spila stóran þátt í því að upplifun barnanna sé góð með því að útvega þeim viðeigandi útifötum og aukaföt ef við verðum blaut eða skítug. Markmið okkar með útikennslu eru:

- Að efla líkama og sál.
- Að kynnast nærumhverfi sínu og leikskólans.
- Að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni, noti hana til náms og sem leiksvæði allt árið um kring.
- Að börnin læri í gegnum leik og uppgötvun úti í náttúrunni.

Umhyggja

Umhyggja er stór þáttur í starfi með börnum. Við sýnum börnum hlýju og væntumþykju, huggum þau þegar á þarf að halda og styðjum þau í viðleitni sinni til að þroskast og dafna. Það má líta á orðið umhyggju sem hugtak fyrir allt það sem við gerum í daglegu starfi á leikskólanum í anda kenninga Nel Noddings um siðferðilega umhyggju og inngilding. Öll samveran og samskiptin við og með börnunum. Það er mikilvægt að börn finni fyrir trausti og að þau viti og skynji að þau geta leitað til kennara.

Blær Vináttuverkefni Barnaheilla

Verkefnið byggir á nýjustu rannsóknum á einelti. Í því er unnið að því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Þátttaka allra; barna, starfsfólks og foreldra er grundvöllur þess að vel til takist. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því. Efnið byggir á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu leikskólastarfinu og er órjúfanlegur hluti þess í allri vinnu og starfi leikskóla sem vinnur með vináttu. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og samskipti í leikskólasamfélaginu.

Hugmyndafræðin endurspeglar í gildunum fjórum:

1. **Umburðarlyndi:** Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla af virðingu.
2. **Virðing:** Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða mismunandi hátterni annarra.
3. **Umhyggja:** Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
4. **Hugrekki:** Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Upplýsingatækni

Við erum með fasta tíma einu sinni í viku í upplýsingatækni. Þá fá börnin tækifæri til að tileinka sér tæknina í gegnum leik. Við notum spjaldtölvur og erum aðallega að

vinna með leikja og kennslutæki sem heitir osmo og er margverðlaunað sem slíkt. Það sem gerir osmo leikina sérstaka er að þar er leikið með áþreifanlega hluti sem skemmtilegt fyrir börnin t.d. stafi, tölustafi og form. Barnið handleikur þá hluti og hefur þannig áhrif á það sem gerist á skjánum. Hægt er að púsla saman myndum úr formum, vinna með stafi og tölur, þjálfra fínhyfingur og rökhugsun, teikna, skapa og gera tilraunir. Markmiðin:

- Börnin þjálfra fínhyfingur með að handleika tölur, stafi og form.
- Börnin þjálfra rökhugsun.
- Börnin virkja sköpunargleðina og efla skilningarvitin.
- Börnin efla orðaforða og stærðfræðihugsun í gegnum leik.

Lubbi finnur málbein

Við vinnum með námsefnið [Lubbi finnur málbeinið](#). Lubbi er íslenskur fjárhundur sem eflir hljóðkerfisvitund barna. Við lærum íslensku málhljóðin með söng og ýmsum öðrum æfingum eins og tengja málhljóðin saman, klappa atkvæði, ríma, leita uppi bókstafi, raða málbeinum saman í orð, lesa orðin og svara skemmtilegum spurningum. Markmið er að:

- Börnin læri stafina og hljóð þeirra.
- Að börnin læri að vinna saman.
- Að börnin læri að hjálpa hvort öðru.
- Að styrkja börnin fyrir lestrarnám.

Stærðfræði

Stærðfræði byggð á skilningi barna. Stærðfræði er allt í kringum okkur án þess að við gerum okkur endilega grein fyrir því. Það er mikilvægt að barn hafi skilning á tölunum. Þ.e. hvað stendur að baki tölunni, hvað hún þýðir. Kubbar, t.d. einingakubbar innihalda mikla stærðfræði, einnig kaplakubbar. Við vinnum líka ýmis verkefni um stærðfræði. Það er þó alltaf lagt upp með því að börnin læri í gegnum leik og skemmtileg og spennandi verkefni. Í stærðfræðivinnunni notum við einnig efni sem heitir Numicon en það eru kubbar og plötur sem hægt er að vinna með á margvíslegan máta. Numicon er ákveðin aðferð til að kenna stærðfræði og þar má finna ýmis skemmtileg verkefni til að vinna með börnunum. Markmið með stærðfræði vinnu er:

- Að börnin öðlist grunnskilning á fjölda á bakvið tölur.
- Að börnin læri að þekkja og skrifa tölur.
- Að börnin þekki hin ýmsu form.
- Að þekkja hugtök stærðfræðinnar og leggja grunn að frekari færni.

Samþætt og skapandi leikskólastarf

[Grunnbættir menntunar](#) eru sameiginleg leiðarljós í menntun og uppeldi í leikskólunum og fléttast inn í allt leikskólastarfið í gegnum námssviðin (læsi og

samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning) og mynda þannig heildstætt og samþætt leikskólastarf sem birtist í áætlunum leikskólanna (námsvísar/tímalínur).

Skipulag leiks, náms og kennslu

Undanfarin ár hafa leikskólarnir prófað að skipuleggja starf sitt í lotum sem birtast í námsvísi/tímalínu þar sem skólaárinu er skipt upp í lotur. Í hverri lotu er ákveðið þema byggt á grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla með það að markmiði að til verði heildstætt, samþætt og skapandi leikskólastarf. Í hverri lotu er ávallt grunnáhersla á læsi og leikinn sem meginnámsleið og fjölbreytt, öruggt og skapandi námsumhverfi inni sem úti. Markmiðum, leiðum og mati er þannig skipulega dreift í þemu yfir skólaárið.

Námsvísapróunin heldur áfram með það að markmiði að gera þá enn skilvirkari í notkun og finna leiðir til þess að allt starfsfólk leikskólanna geti sem best nýtt sér þá og unnið eftir þeim, hvort sem þeir staldra stutt við eða hafa sem dæmi ekki mikinn grunn eða færni í íslensku. Þessi gögn eru lifandi skjöl sem uppfærast eftir áherslum hvers árs en ávallt unnin innan rammans sem mikilvægt er að vinna í þ.e. aðalnámskráin og stefna sveitarfélags. Námsvísa/tímalínur má finna á heimasíðu leikskólanna: [Sólvellir](#) og [Eldhamrar](#).

Námsmat

Markmið mats er að auka þekkingu og skilning allra sem koma að leikskólastarfinu – leikskólakennara, annars starfsfólks, foreldra og barna – á þroska, færni, námi og líðan barna. Upplýsingar matsins eru notaðar til að styðja við nám og vellíðan barna, við skipulagningu leikskólastarfsins í samstarfi við börn og foreldra. Matið á einnig að tryggja að jafnræði og réttindi barna séu virt. Matið á að byggjast á þátttöku og samvinnu við alla aðila, þar með talið börnin sjálf í samræmi við aldur og þroska sem setja sér markmið og leggja til leiðir. Matið á einnig að tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt (aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í leikskólunum er mat á námi og líðan ávallt bæði einstaklingsmiðað þar sem metnir eru styrkleikar og færni hvers barns en einnig er hópamat þar sem barnahópurinn hverju sinni, stórir sem smáir, eru metnir út frá fjölbreytileika og styrkleikum með það að markmiði að styrkja hópa sem heild þar sem öll börn fá að njóta færni sinnar og unnið með með andlega og líkamlega vellæðan og færni í daglegum athöfnum. Í samræmi við breytingar á aðalnámskrá 2023 er sérstaklega lögð áhersla á:

- Skráningu á leik barna, með virkum hætti.
- Greiningu á stöðu, þátttöku og líðan í leik.
- Að leikskólakennari sé leiðandi í að styðja sjálfsprottinn leik og virkja öll börn.
- Matsferlið á að vera skráð, ígrundað og tengt við skipulag og næstu skref í námi barnsins.

Þetta tryggir að leikurinn sé metinn sem raunveruleg námsleið, og að sjónarmið, hæfni og áhugi barnsins ráði för í leik og námi.

Matstæki

Mat á námi og velferð barna er sambætt daglegu starfi og miðar að því að efla barn á eigin forsendum. Við mat á hæfni og vellíðan nemenda eru notaðar fjölbreyttar aðferðir t.d. staðlaðar kannanir, skráningar og ljósmyndir. Matið er einstaklingsmiðað og gert til að efla einstaklinginn svo hægt er að veita hverju honum tækifæri og stuðning við hæfi svo hann geti tekið virkan þátt í leik og starfi. Hér eru nefndar helstu athuganir sem við styðjumst við en í starfsáætlun hvers skólaárs má skoða hvaða matstæki er verið að nota:

- TRAS
- Íslenski þroskalistinn
- Smábarnalistinn
- AEPS
- EFI-2
- Hljóm-2 (5-6 ára börn)

Ferilmöppur

Árið 2004 var farið af stað með þróunarverkefnið “Ég og leikskólinn minn” við Leikskólann Sólvelli. Markmið möppunar er að skapa markvisst upplýsingaflæði milli skóla og heimilis. Í möppunni má finna feril og námsmat yfir leikskólagöngu barnanna. Á Eldhömrum er haldið áfram að vinna með sömu möppu og var á Sólvöllum.

Ég og leikskólinn minn er ferilmappa sem er útbúin fyrir hvern nemanda í upphafi leikskólagöngu. Nemandinn fær möppuna þegar hann byrjar í leikskólanum og fylgir hún honum í gegnum leikskólanámið. Í möppuna eru settar ýmsar upplýsingar um barnið. Þar eru myndir úr starfinu, starfsfólki, skrifað um sérstaka viðburði, leikferlið, teikningar, gullkorn auk þess sem námsmati er safnað saman aftast í möppunni. Mappan frá Sólvöllum fylgir nemendur yfir á Eldhamra.

Með því að halda ferilmöppu fyrir hvern nemanda eiga leikskólakennarar auðveldara með að halda utan um þroska og skólagöngu hans í leikskólanum. Ferilmappan gefur foreldrum kost á að fylgjast með þroska og skólagöngu barnsins. Samskipti við heimili eflast þar sem foreldri getur gengið að upplýsingum um barn sitt í leikskólanum og allt er skráð á einn stað. Með því að halda ferilmöppu er hægt að gera ráðstafanir ef um þroskafrávik er að ræða. Matið er einstaklingsmiðað en ekki hópmiðað og litið er á framfarir hvers nemanda.

Tengsl skóla og skólastiga

Vorið 2016 var stofnaður nýr leikskóli í Grundarfirði, leikskóladeildin Eldhamrar sem ætlaður er elstu börnum leikskólastigsins þ.e. aldrinum 5 – 6 ára. Með stofnun þessa leikskóla færist það starf sem kallað er Brúum bilið, frá Sólvöllum til Eldhamra. Samstarfið við Sólvalla og Eldhamra felur aftur á móti í sér heimsóknir okkar á milli skólanna auk þess að taka þátt í hinum ýmsu uppbrotsdögum. Sett er upp áætlun á hverju hausti um samstarf fyrir skólaárið auk tilfallandi heimsóknna yfir skólaárið. Samstarf við grunnskólann felur í sér að nemendur grunnskólans hafa komið í heimsókn á degi íslenskar tungu og lesið fyrir nemendur leikskólans. Við erum einnig að prófa samstarf sem felur í sér að nemendur á unglingastigi koma á

leikskólann í vali. Þá koma þau einu sinni í viku í nokkrar vikur í senn. Þetta er enn á þróunarstigi. Einnig hafa leikskólinn og grunnskólinn verið saman á námskeiðum. Samstarf á milli þessara tveggja skólastiga í mótum og þróun.

Samstarf milli skólastiga

Markmið samskipta skólastiga er að tryggja samfellu í námi nemenda og öruggan flutning milli skólastiga. Með því er átt við að samvinna og samráð sé milli stofnana, stjórnenda og kennara um námsefni og aðferðir. Mikilvægt er að börn og foreldrar finni til öryggis þegar líður að því að kveðja leikskólann og takast á við ný og spennandi verkefni í grunnskólanum.

Brúum bilið

Brúum bilið er samstarf sem hefur verið á milli leik – og grunnskóla í mörg ár og verið í stöðugri þróun. Eftir að Eldhamrar tóku til starfa hafa forsendur Brúum bilið samstarfsins breyst en það er engu að síður nauðsynlegt. Það er t.d. mikilvægt fyrir börnin í 1. bekk að fá að koma í frjálstan tíma á Eldhamra, skipta um umhverfi og brjóta upp daginn. Það er einnig mikilvægt fyrir nemendur Eldhamra að hitta tilvonandi kennara og einnig að kynnast lífinu í skólastofunni. Þessar heimsóknir eru líka til að brjóta upp daginn hjá þeim.

Hringekja

Einn þáttur í samstarfinu er hringekjuvinna með 1. bekk sem fer fram einu sinni í viku. Þá er bæði verið í 1. bekkjarstofunni og á Eldhömrum og eru unnin ýmis verkefni á báðum stöðum. Kennarar vanda sig við að hafa verkefnavinnuna fjölbreytta þannig að börnin fái að njóta sín og hafa gaman. Annar þáttur í Brúum bilið samstarfinu er að nemendur á unglingastigi geta valið að koma inn á Eldhamra. Valtímabil á unglingastigi eru þrjú yfir veturinn. Nemendur koma þá einu sinni í viku í eina kennslustund og eru inni á deild hjá okkur. Þau leika við börnin og hafa líka aðstoðað þau í kaffitíma, kennarar Eldhamra leiðbeina nemendum á meðan þeir eru í heimsókn. Markmið:

- Að börnin kynnist starfi skólans
- Að börnin kynnist kennurum sem munu kenna þeim í framtíðinni
- Að börnin kynnist öðrum nemendum skólans

Heimilisfræði og smíði

Börnin á Eldhömrum fara í smíði og heimilisfræði. Við förum í litlum hópum og er þetta í samvinnu við þá kennara sem kenna þessi fög. Tilgangurinn er að börnin kynnist kennaranum sem mun kenna þeim þessi fög þegar þau hefja nám í 1. bekk. Tilgangurinn er líka að hafa fjölbreytta og skemmtilega dagskrá sem brýtur upp daginn. Markmið:

- Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi og verkefnum
- Að börnin kynnist þeim kennurum sem munu kenna þeim þessi fög
- Að börnin séu kunnug stofunum og þeim reglum sem þar gilda

Íþróttir

Við förum 1x í viku í íþróttir með íþróttakennara. Hér er unnið með alhliða hreyfiþroska. Ef við sjáum að barn á erfitt með ákveðnar hreyfingar er æfingar þá eru settar upp stöðvar fyrir alla þó þær séu gagngert til að æfa ákveðna færni hjá ákveðnu barni. Kennarar fylgja alltaf hópnum í íþróttum og aðstoða þau við að leysa verkefni ef þarf. Markmið:

- Að þjálfra úthald og orku
- Að börnin kynnist fjölbreyttum leikjum
- Að börnin kynnist fjölbreyttri hreyfingu
- Að þjálfra fjölbreytta hreyfifærni

Sund

Við förum í sund í litlum hópum. Það fara alltaf 1-2 kennarar/starfsmenn með börnunum ofan í laugina. Í samvinnu við sundlaugina þá er boðið upp á sundbjörgunarnámskeið fyrir starfsfólk Eldhamra. Ef foreldrar treysta börnum sínum ekki eða vita að þau séu örugg í sundi er þeim velkomið að koma með. Að hausti eru sundferðirnar okkar þegar sundlaugin er laus, en alltaf þó á ákveðnum tímum. Snemma á haustin og að vori fer hópurinn í sund í íþróttatímanum og þá með íþróttakennara. Markmið með sundferðum eru að:

- Börnin læri að fara í klefann og æfist í að klæða sig í og úr,
- Að þvo sér og klæða sig í sundfatnað. Starfsmaður er alltaf í klefanum til að aðstoða.
- Að börnin læri grunnreglur og umgengni í sundlauginni.
- Að börnin séu örugg með að fara ofan í og upp úr lauginni og viti til hvers er ætlast.

Fjölskyldan og leikskólinn

Í öllu skólastarfi er það meginforsenda árangurs að foreldrar og forsjáraðilar séu virkir þátttakendur í skólagöngu barns síns, fylgist með framvindu námsins, styðji barnið og hlúi að því. Til að svo megi verða þarf gagnkvæmt traust að ríkja í samskiptum foreldra, forsjáraðila og starfsfólks. Mikilvægt er að samskipti heimilis og skóla einkennist af jákvæðu og uppbyggjandi samstarfi og skýru upplýsingaflæði sem styður við þátttöku foreldra og forsjáraðila.

Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfsins er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og líðan barnanna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Í Leikskólastarfinu er mikið lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra og forsjáraðila sem eru alltaf velkomnir að tala við okkur og velkomnir í heimsókn. Nánari upplýsingar um foreldrasamstarf má finna á heimasíðum skólanna: [Leikskólinn Sólvellir](#) og [Leikskóladeildin Eldhamrar](#).

Farsæld barna

Þann 1. janúar 2022 tóku gildi ný lög um samþættingu þjónustu í þágu [farsældar barna](#). Meginmarkmið laganna er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og

foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Með lögnum er fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning tryggður aðgangur að sérstökum tengilið og/eða málstjóra í nærumhverfi barnsins. Börn og fjölskyldur geta snúið sér til tengiliðar sem leiða mál áfram. Aðgangur að tengilið og málstjóra er tryggður strax frá fæðingu barns og þar til barn er 18 ára og sams konar þjónusta er í boði fyrir foreldra á meðgöngu. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar inn á heimasíðu [Sólvalla](#) og [Eldhamra](#).

Mat á skólastarfinu

Samkvæmt lögum ber leikskóla að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti, samskipti innan leikskólans og tengsl við aðila utan hans. Mat á skólastarfi er til að tryggja réttindi leikskólabarna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Matið er tvíþætt, annars vegar mat sem skólarnir framkvæma sjálfir og nefnist innra mat. Hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningamála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Innra mat

Í starfsáætlun skólanna fyrir hvert skólaár, sem má lesa á heimasíðum [Sólvellir](#) og [Eldhamrar](#), kemur fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats, og samskipta innan og utan kennslustofunnar. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í leikskólunum eru starfandi gæðaráð sem hefur umsjón með innra mati og starfa samkvæmt matsáætlunum. Gegnum innra mt vinna skólarnir markvisst að því að auka gæði leikskólastarfsins og meta sig gagnvart gæðaviðmiðum sem þeir hafa sett sér og byggja á stefnumótun ríkisins, sveitarfélagsins og skólanna sjálfra. Matið er opinbert og hægt að skoða stöðuna hverju sinni á [heimasíðu menntastefnunnar](#).

Ytra mat

Ekki hefur farið fram ytra mat á leikskólunum.

Áætlanir

Allar áætlanir leikskólanna sem eru hluti af skólanámskrá m.a. starfsáætlun hvers skólaárs má skoða á heimasíðu þeirra: [Sólvellir](#) og [Eldhamrar](#).

*Skólanámskrá unnin 2025
Næsta endurskoðun er 2026*